

- 4.3. Þegar um farþegaskip er að ræða í svo stuttum ferðum, að einhver sá búnaður sem upp er talinn í 3.4.1. og 3.4.2. þykir ónauðsynlegur að álitni Siglingamálastofnunar, er henni heimilt að leyfa að einn eða fleiri gúmmibátar, þó ekki færri en einn sjötti hluti þeirra sem um borð eru, séu aðeins búnir því sem tekið er fram í töluliðum 1—7,9 og 19 hér að framan og helmingi þess sem getið er í töluliðum 13 og 14, afgangur gúmmibátanna skal búinn því sem tekið er fram í töluliðum 1—7 og 19.
- 4.4. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í fiskiskipum.
- 4.4.1. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í fiskiskipum skal vera sá sami og kveðið er á um í grein 4.2., þó að því undanskildu að heimilt er að minnka magn drykkjarvatns í 17. lið um 0.5 l fyrir hvern mann sem báturinn er ætlaður fyrir.
- 4.5. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í öðrum skipum.
- 4.5.1. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í öðrum skipum en um getur í 4.2. og 4.4. skal vera sá sem tilgreindur er í 4.4.1.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa nr. 154/1980, hluti J10, reglur um vinnuöryggi á fiskiskipum.

#### 1. gr.

5. gr. orðist svo:

#### 5.0. **Þilfarsvindur, lyfti og losunarbúnaður.**

- 5.1. Allar vindur, lyfti- og losunarbúnaður skulu búnir hemli sem stöðvar samstundis við aflrof, það er við straumrof eða ef vökvaprýstingur fellur. Á sama hátt skal búnaður bómu og gálga þannig gerður að þau falli ekki niður við aflrof.
- 5.2. Búnaður við lúgur, þ. e. fiski- og veiðarfæralúgur, skal þannig gerður, að lúgan falli ekki við aflrof.
- 5.3. Verja skal með hlíf, eins og við verður komið, alla hreyfanlega hluti vindu. Sama skal gilda um allar rúllur.
- 5.4. Skrá skal greinilega og varanlega leyfilegan hámarkspunga á bómur og krana.
- 5.5. Stjórnlokar skulu þannig gerðir að stjórnarmur falli í miðstöðu og vinda eða lyfti- og losunarbúnaður stöðvist samstundis sé stjórnarmi sleppt. Þó er heimilt, þegar um er að ræða vindur sem að jafnaði eru í notkun í lengri tíma í einu, t. d. línu- og netaspil, að nota stjórnventla sem unnt er að festa í ákveðinni stöðu, að því tilskildu að við búnaðinn sé viðurkenndur búnaður til neyðarstöðvunar, sbr. gr. 1.4.0.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*